

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 102/98
frá 30. október 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
50/98 frá 29. maí 1998⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB frá 8. maí 1996 um að koma á fót skrá
og sameiginlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 9. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB) í
XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„10. **396 D 0335:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB frá 8. maí 1996 um
að koma á fót skrá og sameiginlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara
(Stjtið. EB L 132, 1.6.1996, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 227.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 132, 1.6.1996, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. október 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. október 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner